



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

TEIK2HS05

Kennari	Bjarki Ásgeirsson – bjarki.asgeirsson@fss.is Gunnar Valdimarsson – gunnarvald@fss.is	
Viðtalstími	Bjarki - Föstudagar 10:25 – 11:05 Gunnar – Mánudagar 11:00 – 11:40	
Námsefni	Fagteikning í húsamíði (verkefnasafn) Byggingarreglugerð (sótt á netið) Efni frá kennara. Áhöld og tæki: Teikniblýantar/fallblýantar 0,30 eða 0,35 og 0,5 (0,35 4H og 0,5 2H), teiknipappír A2 (10 arkir), teiknihorn; 30° / 60° og 45°, hringfari, strokleður, rúðustrikuð blöð, reglustika ca. 30 sm., límband, línuveiðari, vasareiknir.	
Áfangalýsing	Í áfanganum læra nemendur grunnatriðin í lestri byggingauppráttar og fá þjálfun í að teikna verkstæðisunna byggingahluta með áherslu á glugga, hurðir, innréttingar og stiga. Fjallað er um muninn á aðal- og séruppráttum, mælikvarða þeirra, tilgangi og einkennum. Gerð er grein fyrir hönnunarforsendum í byggingarreglugerð, stöðlum, verklýsingum og lögð áhersla á að þjálfar notkun og skilning á hvers konar verkögnum sem tengjast verkstæðisunnum byggingarhlutum úr tré og tréefnum. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í gerð rissteikninga við útfærslur deililausna og geri einfalda efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli verkupplýsinga. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmiðum og byggist aðallega á verkefnavinnu og útskýringum og umfjöllun kennara eftir því sem þörf er á. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð við upplýsingaleit og gagnaúrvinnslu.	
Námsmat og vægi námsmatspáttta	Áfanginn er án lokaprófs. Nemandi þarf að ljúka öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun auk þess að ná lágmarki úr könnunum. Einkunn fyrir verkefnavinnu gildir jafnt á við samanlagðar einkunnir úr tveimur könnunum (kaflapróf).	
	Kennari áritar (samþykkir) verkefni jafnóðum og þeim er lokið og skal nemandi hafa lokið tilgreindum verkefnum samkv. verkefnayfirliti og fyrir hvora könnun. Einkunn undir 5 úr kaflaprófum er ófullnægjandi og þ.a.l. telst verkefnaeinkunn ógild. Áfanginn er ætlaður húsasmiðum og byggist á verkefnavinnu með leiðsögn kennara.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Teikningar	50%
	Kaflapróf	50%

Reglur áfanga	Slökkt skal vera á farsínum í kennslustund! <u>Teikniáfangar eru að stærstum hluta verklegir vinnuáfangar sem þýðir að nemandi ber að nýta tímann vel til verkefnavinnu.</u> Notkun á snjallsínum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Ekkert lokapróf er í áfanganum en nemandi tekur tvö kaflapróf á önninni að undanskildum kröfum um að hafa lokið þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Verkefni áfangans skulu unnin í tímum, ekki er tekið á móti verkefnum sem unnin hafa verið utan kennslutíma. Ætlast er til að nemandi undirbúi sig utan tíma með því að skoða og reyna að átta sig á því sem teikna á, þ.e. geri uppkast/riss af verkefninu á t.d. rúðustrikað blað. Ef nemandi sinnir ekki þeirri vinnu sem hann á að vinna í tíma og hefur truflandi áhrif á samnemendur sína má hann eiga það á hættu að vera vikið úr tíma.
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • uppbyggingu á gluggum og hurðum. • helstu hugtökum og málum á gluggum og hurðum. • hugtökum og grunnatriðum við útreikning og teikningu stiga. • helstu atriðum og stöðlum er varðar skipulag eldhúss.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • teikna upp einfaldar vinnuteikningar og sneiðmyndir (deili) af gluggum og hurðum. • teikna upp snúinn stiga. • teikna upp einfalda eldhúsinnréttingu.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • lesa teikningar er varða samsetningu glugga og hurða og vinna efni í glugga- og hurðarkarma. • aðstoða við uppsetningu á steypum stiga. • aðstoða við uppsetningu á eldhúsinnréttingu. •	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst. á viku	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 30 mín.	32 klst.
Undirbúningur f. 2 kannanir	2 x 4 klst.	8 klst.
Alls		104 klst. = 5 ein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	Verkefni nr. 3 í bók	
2. vika 25. – 29. ágúst	Verkefni nr.15 í bók	
3. vika 1. – 5. september	Verkefni nr. 16 í bók	
4. vika 8. – 12. september	Verkefni nr.17 í bók	
5. vika 15. - 19. september	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	Skila verkefnum 3, 15, 16, 17
6. vika 22. - 26. september	Verkefni nr. 19 í bók	
7. vika 29. sept. - 3. október	Loka frágangur á verkefnum fyrir skil	Skila Verkefni 19
8. vika 6. - 10. október	Verkefni nr. 23 í bók	
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.</i>	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	Skila verkefni 23
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	Verkefni nr. 25 í bók mkv 1:10	
11. vika 27- 31. október	Verkefni nr 26 í bók	
12. vika 3. - 7. nóvember	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	Skila verkefni 25, 26
13. vika 10. - 14. nóvember	Verkefni nr 41 í bók	
14. vika 17. - 21. nóvember	Velja eldhúsinnréttingu, taka myndir af henni og teikna upp sneið myndir af henni. Ásamt því að setja hana upp í teikniforriti í tölvu	
15. vika 24. - 28. nóvember <i>Dimissio 28. nóv.</i>	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	
16. vika 1. - 8. desember <i>Stoðdagur mánudaginn 8. des.</i>	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	Skila verkefni 41 og innréttingarteikningu heima

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Bjarki Ásgeirsson

Gunnar Valdimarsson